

Óður um himbrimann og aðra fugla

Um *Innsævi*, ljóðabók Ferdinands Jónssonar

Það er ekki daglegt brauð að heyra af nýjum ljóðabókum á markaði, en þegar ein ný birtist við sjónarrönd frá bókaforlaginu Veröld og höfundurinn reynist vera læknir, kviknar fyrst fyrir alvöru á perunni hjá *Læknablaðinu*.

Alla jafna eru ljóðabækur knappar, snotrar og mikið í þær lagt. *Innsævi* slær allt þetta langt út með sín 37 ljóð, bókin er beinlínis fögur hvar sem á hana er litið, og efniviðurinn er lifandi og litríkur, en jafnframt tregafullur. Ferdinand yrkir inn í hefð íslenskra náttúruskáld, – hann mærir náttúruna og sam-samar sig henni, vorið boðar gott og felur í sér væntingar, haustið felur í sér sorg og trega, og veturinn algjöra harðneskju og dauða. Bragarhátturinn er frjálss en þó meitlaður og bundinn með ljóðstöfum eftir tálguðum línunum. Mýktin er alls ráðandi í ljóðmálinu, leikur á sérhljóðum og ósamsettum einföldum orðum. Ljóðheimurinn er uppi á heiðum, Madrid, Þingvellir, Kleifarvatn, Þjorsárþakkar og sjálfur geirfuglinn, *alca impennis*, sem er „horfinn í sæhúmið“, – „fuglinn sem fórst“.

Það er vísað í aðra texta: apríl harðastur mánaða, núna er ástin nautanna, og mildar líkingar sem minna á málverk: kvíðarökkur, sumartjöld, huldusker, lynginu blæðir bláu og rauðu. Einfaldleikinn er samt alls ráðandi í ytra búnaði en orðin miðla mjög sterkri vitund og stemningu. Staðsetningin er utan alfaraleiðar, óháð nútímanum og Evrópusambandinu, hruni, aflandskrónum og lifibrauði – það er veðrið og árstíminn sem ræður, eftirsjá, söknuður, á kreiki er stöku fugl, og náttúran ríkir ein.

Innlönd

utan vega
hulin þoku
lengst inni á heiðinni
í grænum mosa
við vatnaskil
allra átta
vakir
í tæru vatni
tilfinning
um þig


Fram hefur komið að helsta áhugamál skáldsins sé fuglaskoðun og bókin ber þess vitni, fuglar eru í forgrunni í mörgum ljóðum bókarinnar. Maður sér ekki í anda ljóð um golf eða hlaup eða fótbolta sem myndu ná slíkri dýpt, ekki einu sinni ljóð um bridds gætu miðlað svona heitum tilfinningum. Þessi fókus á fugla gerir ljóðin heiðari og fjaðurmagnaðri en þegar viðfangsefnin eru af efnislegri toga. Fuglar eru sá hluti sköpunarverksins sem er nálægur og sýnilegur mannfólkinu en þó hreint ekki undir herradóm mannsins settur, þeir eru algjörlega á eigin vegum og við horfum alltaf á eftir þeim með aðdáun og allri þeirri óendanlegu frelsisþrá sem í okkur býr.

Vonandi á Ferdinand eftir að gleðja lesendur sína með enn fleiri fuglum og enn fleiri ljóðum á næstum árum þótt ljóst sé að geðlæknirinn muni ekki snúa sér alveg að yrkingum. Það er erfitt að gera upp á milli ljóðanna í bókinni en ég held að þetta sé mitt uppáhalds núna:

– VS

Himbrimi

á djúpu
vatni
fjallsins
bláa
fjarlægur
söngur
dimmur
fagur
sumar
nætur
hljóðar
lofar
lífið
góða
snertir
landið
hreina
eina



Ferdinand Jónsson.